



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 (færni- og heilsumatsnefndir)HRN25040015
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Heilbrigðisráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	1. apríl 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Reiknað er með að hlutfall fólks 67 ára og eldra af mannfjölda muni hækka úr 13,5% árið 2024 í 15,3% árið 2040 og verði aldraðir þá orðnir um 78.000 talsins. Áskorun felst í skorti á viðeigandi þjónustuúrræðum til að mæta þörfum einstaklinga á ýmsum aldri svo þeir geti útskrifast af sjúkrahúsum og verið heima þrátt fyrir mikil veikindi. Hjúkrunarrými eru ætluð einstaklingum sem eru of lasburða til að búa á eigin heimili þrátt fyrir aðstoð. Sérstök færni- og heilsumatsnefnd í hverju heilbrigðisumdæmi, skipuð af heilbrigðisráðherra, metur þörf fólks fyrir dvöl í hjúkrunarrými hvort sem er til langframa eða til hvíldarinnlagna.

Nauðsynlegt er að tryggja hlutleysi við mat á þörf fyrir hjúkrunarrými en nú er ákveðin óskilvirkni við öflun upplýsinga um umsækjendur sem og við úthlutun rýma. Starfshópur skipaður af heilbrigðisráðherra hefur skoðað ferli færni- og heilsumats með það fyrir augum að nútímavæða verkferla og stafvæða vegna mats á þörf einstaklinga fyrir flutning í hjúkrunarrými. Mikilvægt er að frumkvæði að mati á þörf fyrir hjúkrunarrými komi frá þjónustuveitendum en ekki einstaklingum. Þannig verði byggt á fyrirliggjandi gögnum.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að leggja niður landshlutabundnar færni- og heilsumatsnefndir í hverju heilbrigðisumdæmi og setja eina færni- og heilsumatsnefnd fyrir landið allt sem tekur fyrir álitamál og umsóknir einstaklinga sama hvar þeir eru búsettir á landinu.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lögin gera ráð fyrir færni- og heilsumatsnefndum í öllum heilbrigðisumdæmum landsins sem meta hverja umsókn. Núverandi tilhögun er því lögbundin. Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta lögum.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Samkvæmt fjármálaáætlun 2025-2029 á málefnasviðum 24, 25 og 28 er markmið hins opinbera að þjónusta hverju sinni taki mið af því að fólk sé stutt til sjálfsbjargar, vinnufærni og sjálfstæðrar búsetu heima sem lengst og að þjónustan sé veitt á réttum tíma og á réttu þjónustustigi. Áhersla er enn fremur lögð á að fólk sé stutt til sjálfstæðrar búsetu á eigin heimili með greiðum aðgangi að dagdvalar- og endurhæfingarrýmum sem og tímabundinni dvöl í hvíldarrýmum á hjúkrunarheimilum. Einnig þurfi að tryggja gott aðgengi að upplýsingum og fjarheilbrigðisþjónustu þar sem hún á við. Fjölga þurfi fjölbreyttum stuðningsúrræðum fyrir einstaklinga sem búa heima og sjá til þess að þjónusta standi til boða þegar hennar er þörf.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Að fólk geti búið heima eins lengi og kostur er og að það fái rétta þjónustu á réttum stað. Að hlutlaust mat sé lagt á umsóknir fólks á grundvelli fullnægjandi gagna sem aflað er með stafrænum hætti alls staðar af landinu og að aðeins þeir sem þurfi á dvalar- eða hjúkrunarrými að halda sem fái samþykkt færni- og heilsumat.

Stefna hins opinbera er að mat á umsóknum um færni- og heilsumat verði hlutlaust og eingöngu byggt á gögnum. Einnig að matið verði stafvætt og skilvirkni aukin við meðferð og afgreiðslu umsókna.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Óskilvirk og tímafrek vinnubrögð. Þá myndu áfram starfa færni- og heilsumatsnefndir í hverju heilbrigðisumdæmi og leggja mat, hver eftir sínu höfði, á umsóknir einstaklinga. Mjög mismunandi er hvaða viðmið nefndirnar leggja á umsóknir einstaklinga. Þá er einnig mismunandi hvernig nefndirnar standa að gagnaöflun og meðferð mála sem þeim berast. Auk þess væri erfiðara að ná yfirsýn yfir stöðu mála og tryggja forgang þeirra sem í mestri þörf eru fyrir dvalar- eða hjúkrunarrými.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Á ekki við, hér þarf lagabreytingu til að breyta verklagi, en staðbundnar færni- og heilsumatsnefndir eru lögbundnar samkvæmt lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Hins vegar er lagasetningin einungis eitt af mörgum verkefnum sem ráðist verður í til að koma færni- og heilsumati í það horf sem að er stefnt.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Breyta lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með þeim hætti að leggja niður staðbundnar færni- og heilsumatsnefndir eftir heilbrigðisumdæmum en kveða í staðin á um eina færni- og heilsumatsnefnd sem starfi fyrir landið allt.

Um minniháttar breytingu á lögunum er að ræða, sem standa að öðru leyti óbreytt.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, er kveðið á um færni- og heilsumatsnefndir. Í 3. málsl. 2. mgr. 15. gr. segir: „Ráðherra skipar þriggja manna nefnd í hverju heilbrigðisumdæmi til að annast matið.“ Stefnt er að því að breyta málslíðnum á þann hátt að tilvísun í fleiri en eina nefnd og hvert heilbrigðisumdæmi verði felld brott þannig að ákvæðið vísi aðeins í eina færni- og heilsumatsnefnd.

Í frumvarpinu þarf einnig að taka afstöðu til fjölda nefndarmanna í hinni nýju nefnd en samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að skipa sex nefndarmenn í færni- og heilsumatsnefnd þeirra heilbrigðisumdæma sem eru fjölmennari en þrjá í hinum umdæmunum.

Að auki þarf að uppfæra aðrar tilvísanir í lögunum til nefnda í fleirtölu auk þess að uppfæra viðeigandi reglugerðir af sömu ástæðu.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Þær sömu og nefndar eru hér að ofan. Stefnt er að því að breyta þeim ákvæðum laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, sem vísa í færni- og heilsumatsnefndir í fleirtölu eða gefa með einhverjum hætti til kynna að fleiri en ein færni- og heilsumatsnefnd starfi á landinu.

Að auki þarf samhliða að endurskoða reglugerð nr. 466/2012, um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma, ásamt síðari breytingum, enda gerir reglugerðin ráð fyrir tilvist færni- og heilsumatsnefndar í hverju heilbrigðisumdæmi í samræmi við núgildandi lög.

Einnig þarf að skoða hvort vísað sé til færni- og heilsumatsnefndar eða nefnda í öðrum lögum og eftir atvikum breyta þeim með þeim hætti að aðeins sé kveðið á um eina færni- og heilsumatsnefnd. Í lokamálslið 3. mgr. 31. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk

með langvarandi stuðningsþarfir er t.a.m. vísað til nefnda í fleirtölu, sem þyrfti að breyta samhliða.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Megin viðfangsefni færni- og heilsumatsnefnda er að leggja faglegt mat á þörf aldraðs fólks fyrir dvöl í dagrými og þörf fólks fyrir dvöl í hjúkrunarrými, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 466/2012. Nefndirnar starfa því að málefnum aldraðs fólks. Einnig má nefna hjúkrunarheimili, Sjúkratryggingar Íslands, fulltrúa færni- og heilsumatsnefnda, fulltrúa heimahjúkrunar, Landsamband eldri borgara, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítala, Samband íslenskra sveitarfélaga og heilbrigðisstofnanir landsins í hverjum landshlutum. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Samkvæmt gildandi forsetaúrskurði, nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, fer félags- og húsnæðismálaráðherra með málefni aldraðra að öðru leyti en sem varðar heilbrigðisþjónustu. Af þeim sökum eru lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra á forræði félag- og húsnæðismálaráðherra að öðru leyti en sem varðar hjúkrunarheimili, hjúkrunarrými og sérhæfða dagdvöl, en með þau málefni fer heilbrigðisráðherra með. Færni- og heilsumatsnefndir eru nauðsynlegur hluti af ferli við mat á andlegu og líkamlegu ástandi einstaklings og þörf hans á dvöl í dvalar- eða hjúkrunarrými. Breytingin er á forræði heilbrigðisráðuneytisins. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið þarf hins vegar að vera með í ráðum við vinnslu frumvarpsins enda er skilyrði fyrir dvöl í dvalarrými að vera með samþykkt færni- og heilsumat, en dvalarrými eru á forræði félags- og húsnæðismálaráðuneytisins. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið hefur verið upplýst um vinnu við áformin. 4. Fyrirhugað samráð. Áform um lagasetningu verða birt í Samráðsgátt stjórnvalda. Að auki verða drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, birt í samráðsgátt, þegar þar að kemur.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Heildar kostnaður við gerð færni- og heilsumat fyrir aldraða er um 160 m.kr. Talið er að með fækkun færni- og heilsumatsnefnda verði hægt að spara um 37 m.kr. Einnig gæti komist á meira samræmi við gerð færni- og heilsumats ásamt hagræðingu fyrir samfélagið og einföldun varðandi umsóknir um mat.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Samkvæmt fyrirbyggjandi verkefnisáætlun verða drög að frumvarpi birt til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda í byrjun sumars 2025 og í lagt fram á Alþingi á 157. löggjafarþingi.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almenníngur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Með innleiðingunni þarf að ákveða hvar eina færni- og heilsumatsnefnd landsins á að starfa svo og hvernig starfsemi nefndarinnar á að vera háttað. Hversu marga starfsmenn nefndin á að hafa og hvernig samskiptum og boðleiðum á að háttá. Sérstaklega þarf að passa að nefndin geti átt aðgang að fullnægjandi gögnum um einstakling sem umsókn berst um dvalar- eða hjúkrunarrými fyrir. Í frumvarpi þarf því að gæta að því að svigrúm sé nægt hvað varðar gildistöku laganna, þ.e. verði frumvarpið samþykkt. Gildistaka gæti því orðið á síðari hluta árs 2026 eða 1. janúar 2027.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Svo fyrirhugaðar breytingar beri árangur þarf að tryggja að færni- og heilsumatsnefnd fyrir landið allt geti frá upphafi starfað á sama grunni og hinar svæðisbundnu færni- og heilsumatsnefndir hafa hingað til starfað. Einnig þarf að gera viðeigandi breytingar á reglugerð nr. 466/2012 og uppfæra verklag með aukinni stafvæðingu.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Breytingar á lögunum ættu að leiða til betri yfirsýnar yfir stöðu biðlista á landinu og tryggja þeim einstaklingum forgang sem í mestri þörf eru fyrir hjúkrunarrými. Einnig ættu breytingarnar að leiða til aukinnar stafvæðingar og betri nýtingar á tíma nefndarinnar og starfsmanna hennar, sem hingað til hefur verið varið í mikla handavinnu.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Tölulegar upplýsingar liggja fyrir um fjölda umsókna sem berast færni- og hæfnisnefndum og fjölda staðfesta færni- og heilsumata vegna dvalar- og hjúkrunarrýma. Í kjölfar þess að frumvarpið verður samþykkt, ef af því verður, verður hægt að bera saman tölulegar upplýsingar um fjölda umsókna, meðal málsmeðferðartíma vegna innsendra umsókna og fjölda staðfesta umsókna.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.